

Alþingi, nefndasvið  
Hildur Edwald

4. maí 2018  
MÍ201805-0018 / Þ.H.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um  
stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til  
verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018 –  
2029 (Þingskjal 689 – 479. mál).**

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvubréf dagsett 20. apríl, frá nefndasviði Alþingis þar sem umhverfis- og samgöngunefnd óskar eftir umsögn stofnunarinnar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Minjastofnun telur að fram komin landsáætlun sé metnaðarfull og muni styðja vel við framkvæmd minjavörslunnar í landinu. Sömuleiðis mun landsáætlunin útheimta þéttara samstarf Minjastofnunar en verið hefur við þá sem sinna náttúruvernd, eins og Umhverfisstofnun og ekki síst landverði, en undanfarið hafa verið tekin skref í átt að auknu samstarfi.

Minjastofnun telur hins vegar að varðandi framkvæmd áætlunarinnar þurfi að undirstrika betur, t.d. í greinargerð, lögbundið hlutverk stofnunarinnar varðandi vernd og umsýslu menningarminja. Á sumum stöðum virðist ábyrgðarsvið stofnana óljóst. Svo dæmi sé tekið, þá segir í kafla 2.1. sem fjallar um stjórnun og vernd náttúru og menningarsögulegra minja:

*2.1.1. Stjórnunar- og verndaráætlanir verði unnar fyrir friðlýst náttúruverndarsvæði á landsáætlun og þess gætt að þær séu nýttar við stefnumótun, þarfagreiningu og ákvarðanatöku um innviði á viðkomandi svæðum. Áhersla verði lögð á að forgangsraða vinnu við slíkar áætlanir fyrir svæði undir miklu álagi af völdum ferðamennsku.*

Í greinargerð með þessu ákvæði er svo tekið fram að Umhverfisstofnun geri þessar áætlanir. Í næstu grein er svo fjallað sérstaklega um menningarminjar, en þar segir:

*2.1.2. Verndaráætlanir vegna friðlýstra/friðaðra minjastaða á landsáætlun liggja til grundvallar við ákvarðanir um innviði á viðkomandi stöðum, en þetta eigi við staði sem eru undir miklu álagi af völdum ferðamennsku og eru staðsettir utan friðlýstra náttúruverndarsvæða, sbr. fyrri lið.*



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Reykjaness

Suðurgötu 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 14  
(354) 845 85 10

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Þór Hjaltalín

Minjavörður Reykjaness  
thor@minjastofnun.is

Varðandi menningarminjar, þá eru um 850 *friðlýstir* minjastaðir á landinu, en fjöldi *aldursfriðaðra* minja hefur verið gróflega áætlaður um 300.000. Þessar minjar eru dreifðar um allt land og mikinn fjölda minja er að finna á friðlýstum náttúruverndarsvæðum eða þjóðgörðum. Það gæti því þurft sérstakar verndaráætlanir fyrir minjastaði innan náttúruverndarsvæða. Svo dæmi sé tekið, þá eru nokkrir friðlýstir minjastaðir innan þjóðgarðsins á Snæfellsnesi, eins og t.d. Dritvík og Gufuskálar. Minjastofnun þyrfti í því tilfalli að vinna sérstaka verndaráætlun fyrir þá minjastaði og væri þá heppilegt að samþætta það við einhverja heildaráætlun sem unnin yrði fyrir þjóðgarðinn.

Stjórnsýsla Minjastofnunar tekur til allra fornleifa og friðaðra húsa og mannvirkja í landinu samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Það felur t.d. í sér að stofnunin getur afnumið friðun á minjum (sbr. 3. gr.) og veitt leyfi til rannsókna (sbr. 37 gr.) svo eitthvað sé nefnt. Ef verndaráætlanir á friðlýstum náttúruverndarsvæðum eiga jafnframt að taka til menningarminja þá þarf að vinna slíka áætlun í samstarfi við Minjastofnun Íslands.

Minjastofnun hefur ekki frekari athugasemdir við landsáætlunina.

Virðingarfyllt,



Þór Hjaltalín

Sviðstjóri minjavarðasviðs